




Mýrarhyrna á Snæfellsnesi



Mynd: Stefán Örn Kristjánsson

Mýrarhyrna hefur að geyma nokkrar af flottustu ísklifurleiðum á landinu. Þær eru frá einni og upp í 5 spanir. Mýrarhyrna er á norðanverðu Snæfellsnesinu, alveg við Grundarfjörð. Keyrt er í vestur út úr Grundarfirði, og þá blasir Mýrarhyrnan við á móts við Kirkjufell. Leiðirnar sem sjást á myndinni snúa í austur. Best er að leggja bílnum við skilti sem bendir á Kirkjufellsfoss, þaðan er svo gengið. Best er að elta girðinguna eins lengi og hægt er.





1. Golíat.....WI4, 2 spannir

Leiðin er í íspílinu lengst til suðurs, og alveg hægra megin í því. Liggur upp um 60m brattan ískafla og síðan upp snjógil. Endar á 12-15m löngur lóðréttu kerti. Gegið niður suður af fjallinu. FF. *Davíð(HSG) og Einar Sigurðsson*

2. Christian IX.....WI4+, 5 spannir

Leiðinni svipar mjög til Kerlingar. FF. *Örvar Þorgeirsson, Símon og Árni Eðvaldsson*

3. Kerling.....WI4+, 5 spannir

Leiðin byrjar á einni spönn af WI3 og síðan fjórum spönnum afstöllum sem eru frá 10m og upp í 40m háir. Siga verður niður leiðina þar sem það er eina leiðin niður. FF. *Þorvaldur Þórsson og Helgi Borg.*

4. Wakeup call.....WI6+, 4 spannir

Leiðin byrjar á WI3 um tvær spannir og síðan upp lóðréttan kafla sem endar í þaki sem hliðra þarf undir út á 15m langt fríhangandi kerti. FF. *Guðmundur Helgi og Páll Sveinsson.*



5. Abdominal..... WI5, 110m

Mjög falleg og brött klifurleið sem er, eins og svo oft áður, erfiðari en hún lítur út fyrir að vera. FF. Ingólfur Ólafsson, Styrmir Steingrímsson og Rúnar Óli Karlsson.

6 Comeback..... WI5-, 2 spannir

Fyrri spönnin er WI4 en sú seinni er strembnari og fer upp 45m langt kerti. FF. Árni Eðvaldsson, Júlíus Gunnarsson og Símon Haldórsson.



7. Þvergil..... WI3?, xxxm

Þetta er fyrsta áberandi gilið sem sést á leiðinni þegar gengið er að fjallinu. Þetta er langt gil í mörgum stöllum sem endar upp á brún. Fyrirtaks ævintýraleið. FF. xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx